

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurþing - urðun við Kópasker urðun við Kópasker



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	11.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Norðurþing - urðun við Kópasker	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Ketilsbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640169-5599	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Smári Jónas Lúðvíksson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Haukur Grímsson	Staðsetning	615746,542 649342,948

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit er varðar skil á skráningum, magn uppsafnaðs brotamálms og dekkja og að farið er yfir leyfilegt magn úrgangs til urðunar. Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var með umsjónarmanni um svæðið en rekstraraðili hefur samvið við verktaka á svæðinu til að hafa umsjón með svæðinu og stýrir hann losun á urðunarstaðnum. Farið var yfir starfsleyfið með rekstraraðila á skrifstofunni á Húsavík.

Svæðið var snyrtilegt á að líta og girðingar í lagi. Urðunarrein stóð opin en verið var að vinna við úrgang á svæðinu. Í urðunarreininni mátti sjá dauðfisk, timbur og húsgögn.

Árið 2016 var magn urðaðs úrgangs á Kópaskeri rúm 622 tonn sem er 24 % fram úr leyfilegu magni í gildandi starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Rekstraraðila var bent á að sækja um breytingu á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar í síðasta eftirliti. Engin vog er við urðunarstaðinn á Kópaskeri og byggja þessar tölur því á áætluðum þyngdum. Unnið er að því að ná úrgangsmagninu niður og er áætlað að það verði innan marka fyrir árið 2018.

Girðing er í kringum svæðið og var hún í lagi og var ekki að sjá ummerki um kindur innan svæðis. Hlið er inn á svæðið en stóð það opið er eftirlitsmaður kom að, enda var verið að vinna á svæðinu. Umsjónaraðili læsti hliðinu að lokinni skoðun. Skotsvæði er innan urðunarstaðarins og er skotfélagið með lykil af svæðinu.

Opnir gámar eru utan svæðisins þar sem utan að komandi aðilar geta losað brotajárn en það kemur fyrir að annað efni en brotajárn sé sett í gámana. Minnt er á að skv. gr. 1.2 í starfsleyfi er óheimilt að urða spilliefni, fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbarða, brotajárn, ökutæki eða annan úrgang sem talinn er upp í 8. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Umhverfismarkmið fyrir urðunarstaðinn á Kópaskeri voru send eftirlitsaðila þann 27. júlí 2017 og eru samþykkt. Viðbragðsáætlunar vegna bráðamengunar hafs og stranda hefur einnig verið send eftirlitsaðila og hefur verið samþykkt.

Farið var yfir skil á skráningum en Umhverfisstofnun hafa einungis borist magntölur úrgangs og niðurstöður eftirlitsmælinga fyrir árið 2017 en aðrar skráningar hafa ekki borist. Minnt er á mælingar þessa árs sem framkvæma þarf fyrir 1. okt. nk

Frávík frá

Gr. 5.1 og 5.4 í starfsleyfi

Lýsing á frávíki

Skv. gr. 5.4 í starfsleyfi skal rekstraraðili skila niðurstöðum skráninga fyrir 1. maí ár hvert fyrir undan gengið almanaksár. Umhverfisstofnun hafa ekki borist allar þær skráningar sem rekstraraðila á að skila inn fyrir árið 2017 og taldar eru upp í gr. 5.1. í starfsleyfi. Hluti af skráningunum voru send eftirlitsaðila með tölvupósti þann 4. okt. sl.

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Heimilt er að geyma allt að 50 tonn af brotamálmi á svæðinu hverju sinni en mikið magn af brotamálmi var á svæðinu og bíður flutnings. Einnig hefur töluvert magn af dekkjum safnast upp á svæðinu en óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum, nema brotamálm sbr. 1. mgr. gr. 1.2 í starfsleyfi.

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Heimilt er að urða allt að 500 tonn af úrgangi á ári, þó að hámarki 10 tonn á sólarhring. Skv. tölum sem rekstraraðili sendi inn fyrir árið 2017 er magn úrgangs til urðunar um 616 tonn sem er yfir leyfilegum mörkum starfsleyfis og er þetta annað árið í röð sem farið er yfir mörk starfsleyfisins.

ATHUGASEMDIR

Engar ábendingar eru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ


Engin mengunaráhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Einhverjar kvartanir um uppsöfnun brotamálms hafa borist til verktaka staðarins.

Reykjavík, 11.10.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir